

AUGLÝSING um friðlýsingu Hólahóla og Hóladals í Öxnadal

TILLAGA

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur, með samþykki landeigenda Hóla og sveitarstjórnar Hörgársveitar og að fengnu álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hóla í Öxnadal sem friðland. Um er að ræða Hólahóla og Hóladal. Friðlýsingin er gerð með vísan til 1. t.l. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Hólahólar eru austan Öxnadalsár fyrir miðjum Öxnadal og eru hluti mikils berghlaups sem er bæði glæsilegt og tilkomumikið. Hólarnir nefnast Hraunsstapar eða Hraunshraun vestan Öxnadalsár og var sá hluti berghlaupsins friðlýstur sem fólkvangur árið 2007, sbr. auglýsingu nr. 534/2007 Stj.tíð. B. Hóladalur er langur og grösugur dalur er gengur allt suður á móts við Skjóldal í Eyjafirði. Á dalnum eru nokkur berghlaup. Votlendi er allnokkurt á dalnum og einnig við mynni hans. Í utanverðum Hóladal er miðja merkrar fornrar megineldstöðvar frá tertíer með öskju.

Heiti hins friðlýsta svæðis er friðlandið í Hólum, sbr. b. lið 1. mgr. 50. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Stærð hins friðlýsta svæðis er 1570 hektarar.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda svæðið vegna sérstæðra og fágætra jarðmyndana, fagurfræðilegs gildis, jarðfræðilegrar fjölbreytni svæðisins og ósnortins fjallendis og að varðveita náttúrulegt ástand þess. Verndargildi svæðisins er bæði jarðfræðilegt og landfræðilegt og byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt bæði á lands- og svæðisvísu m.t.t. fræðslu- og vísindagildis ásamt útivistargildi og sjónrænu gildi.

Markmið friðlýsingarinnar er einnig að varðveita landslag vegna menningarsögulegs gildis og þess sess er það skipar í vitund þjóðarinnar vegna tengsla þess við Hraun, fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar, sem og vegna upplifunargildis hins óbyggða svæðis á Hóladal.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins eru landamerki jarðarinnar Hóla svo sem þeim er þinglýst. Undanskilið friðlýsingu eru þó tún og bæjarhóllinn í Hólum og svæði umhverfis, nyrst í heimalandi jarðarinnar. Mörk svæðisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu og á meðfylgjandi uppdraetti í fylgiskjali.

4. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana.

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan marka friðlandsins. Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka friðlandsins í samræmi við reglugerð um

innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir og aðrar náttúruminjar friðlandsins.

5. gr.

Landnotkun, mannvirkjagerð og rannsóknir.

Allar framkvæmdir innan friðlandsins eru óheimilar nema með leyfi landeiganda og Umhverfisstofnunar sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010, um mannvirki, og skipulagslaga, nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við markmið friðlýsingarinnar og skulu ekki rýra verndargildi svæðisins.

Á svæði sem afmarkast af veghelgunarsvæði Þjóðvegur 1 og Öxnadalsá skal heimilt að reisa þau þjónustumannvirki sem ákveðin verða skv. verndar- og stjórnunaráætlun sbr. 11. gr. Innan þess svæðis, sem og þar sem landi hefur þegar verið raskað innan friðlandsins, skal einnig heimilt að leggja ljósleiðara, hitaveitu og önnur veitukerfi í almannapágu.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita leyfi til að stunda vísindarannsóknir innan friðlandsins, sem ekki ganga gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar. Þar með talin er sýnataka vegna jarðfræðirannsókna eða annarra rannsókna.

Innan jarðarinnar Hóla er skógræktarsvæði skv. lögum nr. 95/2006, um landshlutaverkefni í skógrækt, og samningi við Norðurlandsskóga, sem að hluta er innan friðlandsins. Skógrækt skal falla að landslagi og innan friðlandsins skal planta birki í það samningsbundna svæði sem óplantað er í. Slóðagerð vegna skógræktar er heimil að því leyti sem hún er nauðsynleg innan marka friðlandsins að fengnu álitu Umhverfisstofnunar.

Stefnt skal að endurheimt votlendis á svæði innan friðlandsins sem ræst var fram á áttunda áratug 20. aldar og eru nauðsynlegar framkvæmdir í tengslum við það heimilar að fengnu álitu Umhverfisstofnunar.

Öll efnistaka innan friðlandsins er óheimil.

6. gr.

Veidi og notkun skotvopna.

Veidar og meðferð skotvopna skulu vera í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 og verndar- og stjórnunaráætlun skv. 11. gr. Þá skal einnig afla leyfis landeigenda.

7. gr.

Umferð um friðlandið.

Almenningi er heimil för um friðlandið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um friðlandið.

Almenn umferð vélknúinna ökutækja í friðlandinu er óheimil. Þó er heimil umferð á afmörkuðum slóðum vegna skógræktar, túnræktar og búfjárhalds.

Starfsmönnum friðlandsins er heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð innan marka friðlandsins, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands

Óheimilt er að hafa hunda innan marka friðlandsins án fylgdar og tryggrar stjórnar.

8. gr.

Tjöldun og umgengi.

Óheimilt er að tjalda eða hafa næturstað innan friðlandsins. Regla þessi nær þó ekki til svæðisins sem afmarkað er í 2. mgr. 5. gr., þar sem almennar reglur gilda.

Óheimilt er að urða eða henda rusli innan friðlandsins.

9. gr.

Umsjón með friðlandinu.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu. Stofnunin getur þó að höfðu samráði við landeigendur falið öðrum aðila umsjón og skal þá um hana gerður sérstakur samningur sem umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun skipar fjögurra manna ráðgjafanefnd um friðlandið skv. lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Ráðgjafanefndin er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur svæðisins. Í nefndinni sitja einn fulltrúi skipaður af Umhverfisstofnun og fer hann með formennsku, einn fulltrúi skipaður af landeigendum, einn fulltrúi skipaður af sveitarfélaginu Hörgársveit og einn fulltrúi sem sameiginlega er skipaður af Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Norðausturlands. Ráðgjafanefndin er skipuð til fjögurra ára í senn.

Umsjónaraðila og ráðgjafarnefnd svæðisins er heimilt í störfum sínum að hafa samráð við samsvarandi aðila fólkvangsins að Hrauni í Öxnadal vegna þeirrar heildar sem svæðin tvö mynda.

10. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun og vöktun.

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið í samráði við ráðgjafanefndina, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Í verndar- og stjórnunaráætlun skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru friðlandsins, lífríki og jarðmyndanir í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands í samræmi við verndar- og stjórnunaráætlun friðlandsins. Náttúrufræðistofnun Íslands upplýsir Umhverfisstofnun og landeigendur um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum auglýsingar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Hnitaskrá

	X - Austur	Y - Norður
1	522507.4	565757.4
2	522241.2	565195.1
3	522025.3	565165.9
4	521594.4	565781.1
5	521914.1	564853.0
6	522079.0	564806.1
7	522025.7	564603.4
8	522031.2	564431.2
9	521981.3	564332.4
10	521734.7	564520.9